

### *390. fundur velferðarráðs 20. janúar 2021*

#### 18. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í greiningu nemanda sem lögð er fram á fundi velferðarráðs kemur fram að konur lýsi meiri þörfum en eru metnar með minni þörf en karlar. Í lokaorðum segir að vinnubrögð Reykjavíkurborgar og forsætisráðuneytis hvað varðar kynjuð fjármál séu til fyrirmyndar og segir að „óskandi sé að fleiri sveitarfélög tileinki sér „þessa aðferðarfræði. Hér vill fulltrúi Flokks fólksins staldra við og spyr hvað nákvæmlega taka á til fyrirmyndar? Hvernig eru kynjuð fjármál borgarinnar að bæta þennan mismun, í verki? Ekki bara að efnið sé til fyrirmyndar. Hér er spurt um aðgerðir en ekki orð á blaði, stefnur sem eru örugglega fínar. Er verið að bæta konum þennan mismun með fjárhagslegum hætti? Er meiri dreifing á fjármagni til kvenna en karla í þessu samhengi? Vissulega er áætlun og stefna til alls fyrst. Síðan koma framkvæmdir og aðgerðir. Fulltrúi Flokks fólksins vildi gjarnan sjá lista yfir aðgerðir, áþreifanleg verkefni og fjárfestingar sem ætlaðar eru til að jafna rétt kynjanna.